

MADURINN MINN ER KLÁMFÍKILL


Ég veit eiginlega ekki hvert ég á að snúa mér en ég held að maðurinn minn sé orðinn fíkill í klám. Þetta befur ágerst með tímanum en í byrjun sambandsins horfðum við á klámmynndir öðru hvoru til að krydda kynlífð okkar á milli. Núna er klámfíkill hins vegar farið að vega þyngra og þyngra þegar kemur að okkar samlífi. Ábugi þans á kynlíf með mér befur minnkað og ég veit að hann er mikil ó netinu að skoða klám. Þetta skapar gríðarlega togstreitu í sambandinu. Ég reyni hvað ég get að koma til móts við hann en hann þarf sífellt meiri örurvun til að hann fái fullnægingu með mér. Kynlífð okkar á milli verður sífellt afbrigðilegra en á meðan ásakar hann mig um að vera ófrumleg í rúminu og kynkalda. Hvað get ég gert?

Það er rétt sem fram kemur í spurningunni að það er hægt að gerast fíkill í klám. Klám er þá notað til að fullnægja kynferðislegum löngunum og þarf ekki að útskýra það nánar. Öll höfum við heyrta alls konar hluti tengda við kynferðislegar langanir, hluti sem í sjálfu sér hafa ekkert eða lítið með kynlíf að gera. Þá má ef til vill segja að einhvers konar óhapp hafi tengt hlutinn við kynlíf. Hluturinn hefur þá orðið á vegi manns í kynlífshugleiðingum og tenging orðið í huga hans. Líklega verður tenging kynlífss og barna m.a. með þeim hætti.

Nektarmyndir tengjast kynlíf á svip-aðan hátt en það er hins vegar afar auðvelt að skilja tengslin þar á milli, enda þekkja allir karlar í hinum vestræna heimi þessar myndir. Þær koma að notum við sjálfsróun áður en þeir kynnast hinu kynlinu. Eðlilegast er að þær hverfi síðan úr lífi þeirra þegar þeir eignast sína fyrstu kærustu, enda geri ég ráð fyrir að kærastan kunni illa við að maðurinn skoði myndir af öðrum konum nöktum. Þeir sem það gera áfram fara yfirleitt í felur með það – halda þeir.

Nú má ef til vill líta svo á að ekki sé mikill skaði skeður ef konurnar á myndunum eru fullorðnar og virðast vera þarna af fúsum og frjálsum vilja. Myndir af fáklæddum konum hafa alltaf verið til. Og ég sé enga ástæðu til að kalla slíkar myndir klám. Málið verður strax flóknara ef konan er ekki lengur einsömul. Ef hún stundar kynlíf á myndinni hefur málið færst á annað stig. Hvers vegna horfum við á kynlíf annarra? Er kynlíf ekki einkamál? Líklega má fallast á að þarna sé um klám að ræða og vissulega ber okkur að forðast það.

Ef mynd af nakinni konu dugir konulausum karli ekki, hefur hann m.o.o. fært sig yfir á næsta stig. Það er auðvelt að skilja hvernig það gerist. Hann rekst á þær myndir þegar hann er í kynlífshugleiðingum og tengir þær ósjálfrátt strax við kynlíf sitt – og þannig koll af kolli. Á þessu er enginn endir. Hitt og þetta fær tengingar við kynlíf og endar stundum með



Már Vidar Måsson sálfraðingur

Ertu í krísu? Sendu okkur línu á nyttlif@birtingur.is og við fáum sálfræðing til að gefa þér góð ráð

ólöglegu athæfi. Langflestir setja sér þó mörk þarna, eins og annars staðar í lífinu. Ákveða hversu langt skuli haldið og fara ekki lengra. Flest ráðum við yfir hemlum af því tagi.

Sálfræðilega séð mæli ég með því að menn fari ekki af fyrsta stigi. Það þarf heldur ekki að fara langt til að finna fyrirmæli þar um í fyrirmundum okkar. Kristin síðfræði tekur af allan vafa í þessum efnum. Okkur er ætlað að halda okkur við konuna sem hefur bundist okkur tryggðum. Og það er vafalaust langbesta leiðin. Allar aðrar leiðir eru niður á við. Sá sem leitar að klámi á netinu fer fljóttlega yfir strikið. Það er eðli þess. Þeir sem selja klám á netinu bjóða upp á ókeypis sýnishorn og þau eru saklaus í byrjun. Þeim er hins vegar ætlað að veiða viðkomandi í gildruna og eru þannig upp byggð að leikurinn æsist stöðugt. Þannig tengir maðurinn stöðugt ný áreiti við kynlíf sitt.

Hvað á kvæntur maður að gera í staðinn? Hann á að byggja upp samband sitt við konu sína. Það er langbesta leið hans í lífinu og sú sem mun veita honum mesta ánægju. Að maður tali ekki um ánægju konunnar sem maðurinn hefur að sjálfsögðu skyldur við, bæði sálfræðilega og síðferðilega. Hann á ekki að reyna að fá hana til að prófa allt þetta skrýtna sem hann hefur séð á netinu og tengt við sitt kynlíf. Konan hefur að sjálfsögðu engan áhuga á því. Nei, maðurinn á að bjóða konunni upp á hefðbundið kynlíf. Þar er af nögu að taka og það veitir allan þann unað sem við sækjumst eftir. Frumleikinn liggur allur þar.

Til að gott kynlíf megi takast þurfa allar athafnir hins daglega lífs hjónanna að vera í lagi. Þess vegna þarf að byrja þar. Það þarf að leggja mikla vinnu í þetta atriði. Ég held að karlar séu margir fremur ómeðvitaðir um þennan þátt. Vertu góður við konu þína og þú munt fá það goldið! Þegar þetta atriði er komið í lag er auðvelt að nálgast konuna þegar kynlíf kallar á. Hún er þá fljót að bregðast við – ef nærfærni og blíða eru annars vegar. Þessar réttu aðfarir festast í sessi og verða okkur eðlilegar. Og hefðbundið kynlíf hefur upp á allt það að bjóða sem við þörfnumst. Það veitir okkur þá fullnægingu sem við sækjumst eftir. Með þessu móti verður allt hjónalífið betra og fallegra og þess njótum við alla daga.

Konan, sem hér spyr, þarf að ræða þessi mál við mannin sinn af fullri hréinskilni svo hann skilji alvöru málsins. Hún þarf að reyna af öllum sínum mætti að leiða manninum það fyrir sjónir að hann hafi villst af brautinni. ☺

HVERS VEGNA HORFUM VIÐ Á KYNLÍF ANNARRA? ER KYNLÍF EKKI EINKAMÁL?